

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Kennarasamband Íslands
hins vegar
gera með sér svofellt
S A M K O M U L A G
um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

1. gr.
Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. nóvember 2017 til 31. mars 2019 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.
Launahækkanir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

- | | |
|------------|---|
| 1.11. 2017 | Laun hækka um 2,21%. |
| 1.06. 2018 | 30.000 kr. eingreiðsla greiðist hverjum starfsmanni miðað við fullt starf og sem er við störf í apríl 2018 og er enn í starfi í maí 2018. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í maí. |
| 1.06. 2018 | Laun hækka um 2,0%. |
| 1.02. 2019 | Sérstök eingreiðsla, 70.000 kr. greiðist hverjum starfsmanni miðað við fullt starf og sem er við störf í desember 2018 og er enn í starfi í janúar 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í desember. |

3. gr.
Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

- | | |
|--------------|------------|
| Á árinu 2017 | 86.000 kr. |
| Á árinu 2018 | 89.000 kr. |

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

- | | |
|--------------|------------|
| Á árinu 2018 | 48.000 kr. |
|--------------|------------|

4. gr.
Um 0,1% iðgjald til mennta- og fræðslusjóða skv. bókun 1 frá 2014

Bókunin færast inn í nýja grein sem verður svohljóðandi:

10.5 Sérstakt iðgjald til mennta- og fræðslusjóða.

- 10.5.1 Vinnuveitandi greiðir mánaðarlega sérstakt iðgjald sem nemur 0,1% af heildarlaunum félagsmanna Kennarasambands Íslands sem eiga aðild að samningi þessum. Framlaginu skal verja til að styrkja stöðu þeirra sem starfa í umboði Kennarasambands Íslands, stuðnings við innleiðingu vinnumats í framhaldsskólum, fræðslu til forystu- og trúnaðarfólks og námskeiðshalds í þágu félagsmanna.

5. gr.

Sáttanefnd og vinnumat

Grein 11.5 breytist og verður sem hér segir.

11.5 Sáttanefnd

11.5.1 Skipan

Sáttanefnd skal skipuð sex fulltrúum. Fjármálaráðuneytið og KÍ tilnefna hvort um sig þrjá fulltrúa og þrjá til vara.

11.5.2 Hlutverk

11.5.2.1 Sáttanefnd skal taka fyrir þau mál sem til hennar er vísað skv. gr. 11.4.3.1. Ákvarðanir sáttanefndar skulu taka mið af fjárheimildum stofnana. Nefndinni er heimilt að taka til umfjöllunar mál er varða stefnumarkandi tülkanir og álitaefni er snerta framkvæmd og þróun kjarasamninga.

11.5.2.2 Nefndin skal úrskurða um álitaefni um vinnumat sem ekki hefur náðst sátt um á milli skóla, mennta- og menningarmálaráðuneytis og Kennarasambands Íslands skv. ferli tilgreindu í lið 2 í viðauka 1 frá 21. apríl 2018.

6. gr.

Atkvæðagreiðsla og samningsforsendur

Komi til þess að samkomulag náist á vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningum skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðila.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 11. maí 2018 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 21. apríl 2018

F.h. fjármála- og efnahagsráðherra
með fyrirvara um samþykki

F.h. Kennarasambands Íslands
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Gunnar Björnsson (sign.)
Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)
Stefanía S. Bjarnadóttir (sign.)
Sara Lind Guðbergsdóttir (sign.)

Guðríður Arnardóttir (sign.)
Elma Katrín Jónsdóttir (sign.)
Brynjólfur Eyjólfsson (sign.)
Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir (sign.)
Þorbjörn Rúnarsson (sign.)
Sólveig Ebba Ólafsdóttir (sign.)
Guðbjörn Björgólfsson (sign.)
Sjólaug Bjarnadóttir (sign.)

**Bókanir með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Kennarasambands Íslands
21. apríl 2018**

Bókun 1

Samningsaðilar eru sammála um að leita eftir samstarfi við þá aðila sem undirrituðu þann 24. október 2000, samkomulag um tiltekin réttindi starfsmanna, þar á meðal vegna veikinda og slysa. Náist samkomulag um slíkt samstarf skal komið á fót nefnd sem falið verður að endurskoða í heild kafla 12 í kjarasamningum aðila þar sem horft verður m.a. til eftirfarandi atriða:

- a) Endurskoðun á framkvæmd talningar veikindadaga.
- b) Að brugðist sé við veikindum á vinnustöðum með samræmdum og fyrirsjáanlegum hætti.
- c) Að tryggja að starfsmaður geti komið til starfa/adlögunar á vinnustað eftir langtímaveikindi.
- d) Að tryggja rétt starfsmanns sem er í ráðningarsambandi og í starfsendurhæfingu hjá Virk til að snúa aftur til starfa.
- e) Skoða samband iðgjalds í fjölskyldu- og styrktarsjóð og lengdar veikindaréttar.
- f) Stefnt skal að því að tillögur liggi fyrir eigi síðar en 31. desember 2018.

Bókun 2

Aðilar eru sammála um að skipa stýrihóp með tveimur fulltrúum ríkis, þremur fulltrúum KÍ og einum fulltrúa frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, í því augnamiði að setja á laggirnar *ráðgjafamiðstöð/stuðningsteymi* um stofnanasamningsgerð. Eigi síðar en fjórum vikum eftir samþykkt samninga skulu aðilar hafa skipað fulltrúa sína í stýrihópinn og skulu fulltrúar KÍ boða til fyrsta fundar.

Markmiðið er að auka gæði stofnanasamningsgerðar, efla þátt stofnanasamninga og virkni í starfi stofnana og samstarfsnefnda með það að leiðarljósi að auka gæði opinberrar þjónustu. Í því felst t.d. að bæta verklag við flokkun starfa, gerð starfslýsinga og virka starfsþróun.

Stýrihópnum er heimilt að leita eftir samstarfi við fleiri bandalög/stéttarfélög auk þess að sækja um styrki til sjóða á vegum samningsaðila.

Bókun 3

Aðilar eru sammála um að leita samstarfs við fleiri bandalög/stéttarfélög um endurskoðun á helstu atriðum 2. kafla kjarasamninga um vinnutíma. Náist samkomulag um slíkt samstarf skal komið á fót nefnd sem falið verður að endurskoða kaflann heildstætt. Meginmarkmið endurskoðunarinnar er að stuðla að bættu skipulagi vinnutíma og auka sveigjanleika á vinnustöðum ríkisins sem þjóni bæði hagsmunum ríkisins sem atvinnurekanda og starfsfólki þess.

Endurskoðun leiði ekki til kjararárnunar að öðru jöfnu.

Þegar tillögur liggja fyrir verður tekin ákvörðun um hvort breytingar á kaflanum séu þess eðlis að greiða skuli atkvæði um þær.

Bókun 4

Aðilar eru sammála um að fram að næstu samningsgerð verði unnið að endurskoðun á 1. og 11. kafla kjarasamningsins. Sú endurskoðun skal unnin af vinnuhópi skipuðum fulltrúum ríkis og fulltrúum KÍ. Eigi síðar en fjórum vikum eftir samþykkt samninga skulu aðilar hafa skipað fulltrúa sína í vinnuhópinn og skulu

fulltrúar KÍ boða til fyrsta fundar. Vinnuhópurinn skilgreinir nánar viðfangsefnið og verklag, auk samstarfsaðila.

Bókun 5

Samningsaðilar eru sammála um að færa vinnumatskerfið og ákvæði kjarasamninga um það í sérstakan hluta kjarasamningsins á samningstímanum.

Bókun 6

Aðilar munu skipa nefnd með skólameisturum til að skoða greinar sem þykja erfiðar eða eru úreltar í framkvæmd í framhaldsskólum. Nefndin leggi fram tillögur um breytingar á viðkomandi greinum fyrir 1. ágúst nk. Þessar greinar eru t.d.:

Grein 2.3.8 um ferðalög með nemendum.

Niðurlag greinar 2.1.6.3 um að ekki sé hægt að krefja kennara um vinnuframlag fyrir skort á vinnu innan ráðningarhlutfalls vegna fækkunar nemenda.

Fleira sem aðilar kjósa að ræða.

Bókun 7

Í kjarasamningum KÍ síðustu misseri hefur vinnumat kennara verið í forgrunni og minna hugað að stöðu og launaþróun stjórnenda (í meira en 50% starfshlutfalli) og aukins álags á þá vegna nýs vinnumats. Það er mat aðila að rétt sé að skólar fái framlag sem leyfi þeim að greiða stjórnendum álagsþrep með breytingu á stofnanasamningi frá 1. ágúst 2018.

Bókun 8

Til stuðnings við störf náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum skulu skólarnir hafa til ráðstöfunar kr. 12.000.000 samtals á ársgrundvelli að meðtöldum launatengdum gjöldum frá 1. ágúst 2018.

Viðauki 1
með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar og
Kennarasambands Íslands
hins vegar
undirrituðu 21. apríl 2018

Þróun vinnumats og hlutverk mennta- og menningarmálaráðuneytisins

1. Full virkni 7. greinar.

Fjölbreytileiki vinnumatsþátta

Í 7. grein er fjölbreytileiki þátta sem hafa áhrif á vinnumat áfanga meiri en birtist í sýnidæmum Verkefnisstjórnarinnar. Þó yfirfærsla á milli eldra og nýja vinnumatsins hafi takmarkast af óbreyttum kostnaði sbr. bókun 1 frá 2015 var það ætlun samningsaðila að fjallað yrði um alla þætti 7. greinarinnar í framtíðarútfærslum skólanna. Það krefst mögulega aukins fjármagns til útfærslu þessara þátta sem miðlæg sýnidæmi Verkefnisstjórnar fjalla ekki um. Útfærsla þessa hluta 7. greinar er í höndum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Kennarasambands Íslands í því samstarfi sem þau hafa komið sér saman um.

Meginbreytingar

Allir framhaldsskólar landsins hafa nú stýtt námstíma til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú sbr bréf mennta- og menningarmálaráðherra haustið 2015. Þar er mælt fyrir um hraðara ferli en kemur fram í yfirlýsingu menntamálaráðherra með kjarasamningi 2014, þ.e. stytting náms til stúdentsprófs varð ekki í skrefum heldur í öllum skólum á samningstímanum. Sú kerfisbreyting sem styttingin krefst er m.a. endurritun skólanámskráa og þjöppun náms frá fyrra skipulagi 240 einingar (almennt á fjórum námsárum) verða að lágmarki 200 einingar (almennt á þremur árum skv. aðalnámskrá).

2. Þátttaka mennta- og menningarmálaráðuneytisins í ferli og aðferðafræði við þróun vinnumats (virkni vinnumats).

Sveigjanleiki í skólaþróun með nýju vinnumati

Samkvæmt megininntaki nýs vinnumats er það fyrst og fremst farvegur fyrir skóla að þróa nýjar aðferðir í starfi sínu en ekki einungis mat á vinnuframlagi kennara í einstökum áföngum. Rými skóla til að útfæra skólastefnu sína má því ekki njörva niður með óhagganlegu mati á áföngum eða áfangagerðum.

Kjarasamningur og vinnumat

Núverandi kjarasamningur aðila auk vinnumatskerfis er í höfuðatriðum nægjanlegur grunnur til að útfæra vinnumat í breytilegu skólastarfi.

Vinnumat fer fram í skólum í samstarfi skólastjórnenda og kennara. Samráðsskylda er um gerð og þróun vinnumats. Samráðsaðferðina formgera þeir aðilar sjálfir sem og að tilnefna fulltrúa sína.

Takist skóla ekki að ná samstöðu um mat á nýjum eða breyttum áfanga eða breyttu kennslulagi til vinnustunda skal formlegum fulltrúum skólans eða kennara heimilt að vísa ágreiningnum til úrskurðar. Báðir aðilar skulu þá gera grein fyrir sjónarmiðum sínum.

Til að úrskurða um ágreining fjallar fjögurra manna ráð um þau tilfelli sem skólar telja sig ekki geta ráðið fram úr. Það ráð skal skipað tveimur fulltrúum tilnefndum af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og tveimur af Kennarasambandi Íslands.

Takist því ráði ekki að komast að niðurstöðu hefur sáttanefnd Kennarasambands Íslands og fjármálaráðuneytisins skv. kjarasamningum lokaorð í málinu.

3. Gildi vinnumats

Kjarasamningurinn ásamt skýrslum Verkefnisstjórnar um vinnumat þar sem lögð eru fram sýnidæmi um vinnumat mynda núverandi ramma um samningsbundið vinnumat. Til framtíðar þurfa einstakir framhaldsskólar að hafa ákveðið svigrúm til þess að þróa og móta vinnumat í samræmi við faglegar áherslur á hverjum stað og tíma. Sýnidæmi með vinnumatinu eru því ekki óbreytanleg, en þau mynda grunn sem líta verður til þegar breytingar verða á áföngum miðað við árið 2015. Sýnidæmin innhalda fyrst og fremst kerfi til að meta vinnu en ekki raunvinnumat til frambúðar.

Almennt gildir að allar breytingar frá sýnidæmum vinnumats skulu vera gerðar í samstarfi og sátt aðila sbr. 2. lið hér að ofan. Þar til vinnumatsnefndir í skólunum hafa náð samkomulagi um breytingar á vinnumati gilda nýjustu útfærslur sýnidæma verkefnisstjórnar og hlutfallslega ef einingafjöldi áfanga viku frá 5 einingum/3 einingum skv. eldra kerfi.

Fylgiskjal 1

Launatafla tekur gildi frá 1. nóvember 2017:

| | 0 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
|----|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|-----------|-----------|
| 1 | 376.578 | 385.993 | 395.408 | 404.822 | 414.237 | 423.651 | 433.066 | 442.480 | 451.895 |
| 2 | 395.408 | 405.293 | 415.178 | 425.064 | 434.949 | 444.833 | 454.718 | 464.606 | 474.491 |
| 3 | 415.178 | 425.558 | 435.937 | 446.317 | 456.697 | 467.075 | 477.456 | 487.834 | 498.214 |
| 4 | 435.937 | 446.836 | 457.734 | 468.633 | 479.530 | 490.429 | 501.328 | 512.226 | 523.125 |
| 5 | 457.734 | 469.178 | 480.620 | 492.063 | 503.509 | 514.951 | 526.395 | 537.837 | 549.281 |
| 6 | 480.620 | 492.637 | 504.653 | 516.668 | 528.683 | 540.698 | 552.715 | 564.729 | 576.745 |
| 7 | 504.653 | 517.268 | 529.885 | 542.501 | 555.117 | 567.734 | 580.350 | 592.966 | 605.583 |
| 8 | 529.885 | 543.132 | 556.379 | 569.626 | 582.874 | 596.120 | 609.368 | 622.614 | 635.862 |
| 9 | 556.379 | 570.288 | 584.198 | 598.107 | 612.017 | 625.927 | 639.835 | 653.744 | 667.655 |
| 10 | 584.198 | 598.803 | 613.408 | 628.012 | 642.618 | 657.223 | 671.827 | 686.432 | 701.038 |
| 11 | 613.408 | 628.743 | 644.077 | 659.413 | 674.749 | 690.084 | 705.419 | 720.753 | 736.090 |
| 12 | 644.077 | 660.181 | 676.282 | 692.384 | 708.486 | 724.587 | 740.690 | 756.791 | 772.894 |
| 13 | 676.282 | 693.188 | 710.097 | 727.003 | 743.909 | 760.818 | 777.724 | 794.633 | 811.538 |
| 14 | 710.097 | 727.849 | 745.600 | 763.353 | 781.106 | 798.858 | 816.611 | 834.363 | 852.115 |
| 15 | 745.600 | 764.241 | 782.882 | 801.522 | 820.161 | 838.801 | 857.442 | 876.081 | 894.721 |
| 16 | 782.882 | 802.453 | 822.025 | 841.596 | 861.169 | 880.742 | 900.313 | 919.885 | 939.457 |
| 17 | 822.025 | 842.575 | 863.127 | 883.677 | 904.228 | 924.779 | 945.328 | 965.879 | 986.430 |
| 18 | 863.127 | 884.704 | 906.283 | 927.861 | 949.439 | 971.016 | 992.595 | 1.014.174 | 1.035.751 |

Launatafla tekur gildi frá 1. júní 2018:

| | 0 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
|----|---------|---------|---------|---------|---------|---------|-----------|-----------|-----------|
| 1 | 384.110 | 393.713 | 403.316 | 412.918 | 422.522 | 432.124 | 441.727 | 451.330 | 460.933 |
| 2 | 403.316 | 413.399 | 423.482 | 433.565 | 443.648 | 453.730 | 463.812 | 473.898 | 483.981 |
| 3 | 423.482 | 434.069 | 444.656 | 455.243 | 465.831 | 476.417 | 487.005 | 497.591 | 508.178 |
| 4 | 444.656 | 455.773 | 466.889 | 478.006 | 489.121 | 500.238 | 511.355 | 522.471 | 533.588 |
| 5 | 466.889 | 478.562 | 490.232 | 501.904 | 513.579 | 525.250 | 536.923 | 548.594 | 560.267 |
| 6 | 490.232 | 502.490 | 514.746 | 527.001 | 539.257 | 551.512 | 563.769 | 576.024 | 588.280 |
| 7 | 514.746 | 527.613 | 540.483 | 553.351 | 566.219 | 579.089 | 591.957 | 604.825 | 617.695 |
| 8 | 540.483 | 553.995 | 567.507 | 581.019 | 594.531 | 608.042 | 621.555 | 635.066 | 648.579 |
| 9 | 567.507 | 581.694 | 595.882 | 610.069 | 624.257 | 638.446 | 652.632 | 666.819 | 681.008 |
| 10 | 595.882 | 610.779 | 625.676 | 640.572 | 655.470 | 670.367 | 685.264 | 700.161 | 715.059 |
| 11 | 625.676 | 641.318 | 656.959 | 672.601 | 688.244 | 703.886 | 719.527 | 735.168 | 750.812 |
| 12 | 656.959 | 673.385 | 689.808 | 706.232 | 722.656 | 739.079 | 755.504 | 771.927 | 788.352 |
| 13 | 689.808 | 707.052 | 724.299 | 741.543 | 758.787 | 776.034 | 793.278 | 810.526 | 827.769 |
| 14 | 724.299 | 742.406 | 760.512 | 778.620 | 796.728 | 814.835 | 832.943 | 851.050 | 869.157 |
| 15 | 760.512 | 779.526 | 798.540 | 817.552 | 836.564 | 855.577 | 874.591 | 893.603 | 912.615 |
| 16 | 798.540 | 818.502 | 838.466 | 858.428 | 878.392 | 898.357 | 918.319 | 938.283 | 958.246 |
| 17 | 838.466 | 859.427 | 880.390 | 901.351 | 922.313 | 943.275 | 964.235 | 985.197 | 1.006.159 |
| 18 | 880.390 | 902.398 | 924.409 | 946.418 | 968.428 | 990.436 | 1.012.447 | 1.034.457 | 1.056.466 |